

NAUÐSYNLEG STOFNUN

Jarðfræðirannsókn Íslands

Eftir dr. Helga Pjeturss

LESBÓK MORGUNBLAÐSINS

1946

Pörfin á auknum jarðfrædirannsóknum hjer á landi er býsna mikil, og þó að ekki væri nema til þess að hin fyrirhugaða mikla Íslandslysing, geti í því efni orðið nokkru nær því sem þarf að vera, en án slíkra rannsókna mundi verða. Það þarf að koma hjer upp stofnun til að annast jarðfrædirannsókn landsins, líkt og löngu hefir verið gert í öðrum menningarlöndum. Á Norðurlöndum voru þar Svíar fyrstir til, einsog búast mátti við, og heitir sú stofnun Sveriges geologiska Undersökning (S. G. U.), en tilsvarandi stofnunar í Danmörku og Noregi hafa þó lengi til verið (D. G. U. og N. G. U.). Og sama er vitanlega um Finnland að segja, en ekki man jeg hið finska nafn á þeiri stofnun.

Árangurinn af starfi slikrar stofnunar hjer á landi, gæti orðið glæsilegur, því að rannsóknarefni er hjer mikil og merkilegt, og nú er hjer til álitlegur hópur náttúrufraeðinga, sem þegar hafa sýnt, að mikils má af þeim vænta. Vil jeg þar fyrst nefna Jóhannes Áskelsson, sem af sannkölluðum hetjudugnaði hefir unnið að rannsókn landsins, nokkur undanfarin ár, og með furðulegum árangri, þegar þess er gætt, hve mikil kenslustarf hann hefir haft á hendi. Virðist sjálfssagt að Jóhannes yrði formaður þessarar stofnunar. Aðrir menn sem virðast sjálfsgagðir til að vinna við stofnunina, eingöngu eða að mestu leyti, eru mag. se. Guðmundur Kjartansson og dr. Sigurður Pórarinsson, sem yngri menn eru en Jóh. Áskelsson, en hafa þegar sýnt það báðir, að þei eru mjög hæfir og áhugamiklir jarðfræðingar. Fjórði maðurinn, sem byrfti að hafa fasta stöðu við Jarð-

frædirannsókn Íslands, er Tómas Tryggvason, er jeg hygg að ekki hafi lokið prófi ennþá, en nokkrar ritgerðir eru þó til eftir hann, sem sýna að þar er gott vísindamannsefni; og hann hefir með handleiðslu hins kunna jarðfræðings dr. H. Backlunds í Uppsöldum, sjerstaklega lagt fyrir sig bergfræði (Petrografi); en á slíkum manni er oss mikil þörf við jarðfrædirannsókn landsins.

Þá eru enn nokkrir menn, sem telja verður mjög líklegt, að mundu vilja vinna að einhverju leyti í sambandi við stofnunina, þó að þeir gætu ekki stundáð rannsóknirnar nema í hjáverkum. Vil jeg þar fyrstan nefna Pálma rektor Hannesson, sem menn mundu ekki vilja missa frá skólanum, og þá þennan eftirtektarverða jarðfræðing í bændaröð og jarðvegsfræðing, Jakob Líndal á Lækjamóti. Þá eru enn mag. Steinþór Sigurðsson og Jón Eyþórsson veðurfræðingur, sem hafa nú síðast birt eftirtektarverða ritgerð um rannsóknir sínar á Kötlu gjá og Mýrdalsjökli. Einn sa maður sem áhuga hefir sýnt á jarðfrædirannsókn Íslands er próf. dr. Trausti Einarsson. Nokkrar fallegar nýar athuganir varðandi jarðfræði landsins hefir Porkell Porkelsson gert, fyrrum veðurstofustjóri, og ef til vill gæti stofnunin notið hans að einhverju leyti, þó að kominn sje á efri ár. Ritgerð Geirs Gígju um Kleifarvatn kemur mjer til að óska þess, að þessi merki náttúrufraeðingur gæti starfað eitt-hvað í sambandi við hina nauðsynlegu jarðfrædistofnun, þó að annað sje aðalstarf hans. Að endingu virðist

mjer ástæða til að nefna Stein Emils-
son í þessu sambandi, sem fyrir löngu
hefir sýnt að hann er glöggskygn jarð-
fræðingi, en of ókunnugt er mjer
um hagi hans síðari árin, til þess að
geta sagt, hvort nokkrar horfur eru
á, að hann mundi geta starfað nokk-
uð í sambandi við þessa jarðfræði-
stofnun, sem svo nauðsynlegt er að
komið verði upp.

II.

Betur kynni að vera en ekki, að
minnast, þó að ekki sje nema laus-
lega, á sumt það rannsóknarefni sem
mundi liggja fyrir þeiri stofnun, sem
hlyti heitið „Jarðfræðirannsókn Ís-
lands“. Er þá fyrst að nefna jurta-
steingjörfingana í millilögum elstu
hluta hinnar íslensku blágrýtismynd-
unar. Hefir enginn íslenskur jarðfræð-
ingur áður haft þá þekkingu til að
bera, sem við þær rannsóknir er nauð-
synleg, nema á mjög lágu stigi. En
nú hefir Jóh. Áskelsson búið sig vel
undir slíka rannsókn, með dvöl sinni
í Glasgow veturni '44—5, þar sem
hann naut tilsagnar ágætra kennara
í jurtasteingjörfingafræði. Þá er
Tjörnes, þar sem enn er mikill ógert,
þrátt fyrir hinar aðáanlegu rann-
sóknir professors Guðmundar Bárð-
arsonar, á skeljalögnum í Hallbjarn-
arstaðakambi. Var það mikill skaði,
að þessum framúrskarandi náttúru-
fræðingi skyldi ekki endast aldur til
að halda áfram þeim rannsóknum,
sem hann hafði meiri þekkingu til að
framkvæma, en nokkur af oss hinum,
og svo ágætlega voru hafnar af hans
hálfu. En nokkra nauðsynlega byrj-

un hafði jeg gert, með því að sýna
fram á, að lög þessi eru ekki þunn
skán utan í fjallendi því sem nær
hæst í Búrfelli, — sem er 724 m. á
hæð, og rúst af eldfjalli, sem gosið
hefir á milli ísalda — heldur er jarð-
myndun þessi geisíþykk, 4—509 m.,
og liggur innundir fjallendið austan
til á nesintu. Var þar um mjög óvænt-
ar nýar athuganir að ræða.

Pá er enn stórmikils og áriðandi
fróðleiks að vænta af nánari rannsókn
á þessum jarðmyndunum jökulald-
anna og jarðsöguflanna þeirra á
milli, sem jarðfræðingum hafði verið
gersamlega ókunnugt um hjer á landi,
framundir aldamót.

Og svo er loks sem nánust rannsókn
á öllu því sem að eldgosum lýtur
mjög áriðandi. Síðustu 2—300000 árin,
eða svo hafa jarðölin sjerstaklega
verið að vinpa. að því að gera upp
landið, suðvesturávið. Hefir sú smíð
gengið mjög með hríðum, en eldölin
hvílst á milli. Virðist hafa verið nokk-
urt hlje á, um það bil er Ísland bygð-
ist, og fyrstu aldirnar eftir landnámi-
ði. Hekla gýs t. d. ekki fyr en 1104,
en einkum frá því um 1300 fer eld-
urinn í undirdjúpunum að sækja á
aftur. Stórkostlegasta gósið frá því
er land bygðist, er þó ekki fyr en
1783. Virðist níjer nokkur ástæða til
að ætla, að á þeim slóðum, hinu mjög
svo sundursprungna svæði suðvestur
af Vatnajökli, sje enn illra tíðinda að
vænta, og jafnvel ennþá stórkostlegri
gosu en Skaftáreldarnir voru. Væri
það mjög mikilsvert, ef auðið yrði að
koma jarðfræðiþekkingu í það horf,
að slík gos mætti segja fyrir, og það

þelst eigi allsköminu áður en þau
yrðu. Hugsanlegar eru líka þær fram-
farir í þekkingu, að draga mætti úr
slikum gosum, eða seinka þeim. Vist
er a: m. k. um það, að stjórn mann-
kynsins á náttúruöflum hnattarins,
þarf að verða svo mikil, að slíkar
framkvæmdir gæti orðið. Og þegar
vjer ihugum, hve mikil framför hefir
orðið í stjórn mannkynsins á nátt-
úruöflunum, síðan á steinöld, verður
augljóst, að mikils má vænta af fram-
tíðinni í þessum efnum, og þó einkum
þegar þess er gætt, að mannkynið er
ekki til fulls komið á framfaraleið
ennþá, en hinsvegar, frá sjónarmiði
jardfræðings, auðsætt, að slik alda-
skifti gætu orðið, sem til þess þarf,
og jafnvel átt upptök sín á þessu
landi, hjá þeirri þjóð sem í svo mikilli
hættu er, ef þau aldaskifti tækjust
ekki.

26. maí.

Helgi Pjeturss.